

## Reikningur

81

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs druknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu árið 1905.

### Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun:		
Í Söfnunarsjóði . . . . .	kr.	2991 33
2. Tekjur á árinu 1905:		
Vextir í Söfnunarsjóði . . . . .	—	115 89
	Samtals	kr. 3107 22

### Gjöld:

1. Úthlutað á árinu 1905:		
Ekkju Vilborgu Oddsdóttur . . . . .	kr.	25 00
— Þuríði Hannesdóttur . . . . .	—	25 00
		kr. 50 00
2. Sjóður við árslok:		
Í Söfnunarsjóði . . . . .	kr.	3057 22
	Jafnaðarupphæð	kr. 3107 22

Í stjórn Ekknasjóðs druknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu,  
Akranesi 15. júní 1906.

*Sigurður Þórðarson.*      *Jón Sveinsson.*      *Jóh. Björnsson.*  
*Oddg. Ottesen.*      *Böðvar Þorvaldsson.*

82

## Auglýsing

um

**að sýslanirnar sem skólastjórar við hina fyrirhuguðu bændaskóla sjeu lausar, og um rekstur skólabúanna.**

Í næstkomandi fardögum verða settir á stofn samkvæmt lögum nr. 48 frá 10. nóvember 1905 tveir bændaskólar, annar á Hólum í Hjaltadal og hinn á Hvanneyri Borgarfirði.

Umsóknir um sýslanirnar sem skólastjórar við hvorn af skólum þessum verða að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 1. desember næstkomandi.

Laun skólastjóra eru 1500 kr. á ári og leigulaus bústaður í skólahúsinu.

Hver er sækir um skólastjórásýslanina, verður að taka það fram í umsókn sinni, hvort hann vilji takast á hendur að reka fyrir eiginn reikning hæfilega stórt bú á skólajörðinni.

**Aðrir**, sem kynnu að óska að reka fyrir eiginn reikning bú handa skólunum á jörðum þessum, verða að hafa sent tilboð um það til stjórnarráðsins einnig fyrir 1. desember þ. á.

Stjórnarráð Íslands, 7. septbr. 1906.